

**Starfsleyfi fyrir malbikunarstöðina
Hlaðbær - Colas hf.
á Gullhelli 1 í Hafnarfirði
kt. 420187-1499**

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir malbikunarstöð **Hlaðbær-Colas hf.**, kt. 420187-1499, til framleiðslu á malbiki að Gullhelli 1 í Hafnarfirði. Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Hlaðbær – Colas hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

1.2. Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 240 tonn á klukkustund af malbiki, auk reksturs tilheyrandi hráefnageymsla, verkstæða og annarrar þjónustu fyrir eigin starfsemi á lóð fyrirtækisins að Gullhelli 1.

Rekstraraðila er heimilt að endurvinnna malbik. Rekstraraðili skal skila Umhverfisstofnun verkáætlun, þar sem meðal annars komi fram verklýsing og hvernig staðið verður að sýnatökum sbr. gr 2.2.

1.3. Mengunarvarnir

Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir).

1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5. Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri malbikunarstöðvarinnar eða verulegs hluta hennar hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, búnaði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar eigi síðar en tólf mánuðum eftir gangsetningu stöðvarinnar. Tilkynna skal eftirlitsaðila um fyrirhugaða stöðvun rekstrar með minnst mánaðar fyrirvara og um þær ráðstafanir sem gripið er til í þeim tilgangi að halda umhverfisáhrifum stöðvunarinnar í lágmarki.

1.6. Endurgangsetning rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar stöðin eða verulegur hluti hennar er teknir í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð af öðrum orsökum en tíðarfari.

1.7. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi.

1.8. Breyttar forsendur

Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir, eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni, skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

1.9. Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingu um mengunareftirlit í samræmi við VI kafla reglugerðar nr. 786/1999.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

LOFT

2.1. Hreinsun útblásturs

Afsogi frá brennara, þurrkurum, blöndurum, og flutningslyftum skal safnað til hreinsunar í reykhreinsibúnaði. Jafnframt skal hreinsa ryk í útloftun frá fínefnageymslum þannig að ryk sé undir 10 mg/m^3 .

2.2. Losunarmörk

Eftir fyrsta mánuð starfsemi skal magn mengunarefna í útblásturslofti (hreinsuðu gasi frá reykhreinsibúnaði) ekki vera yfir neðangreindum mörkum miðað við klukkustundar meðaltal:

Mengunarefni	Klukkustundarmeðaltal mg/Nm^{3*}
Heildarryk	50
Kolmónoxíð CO	500
Köfnunarefnisoxíð NO _x , sem NO ₂	400
PAH (B(a)P jafngildi**	0,002

**Nm³ þýðir m³ við 0°C, 1013 mbar, og þurrt loft. Gildi reiknast við 17% O₂.*

***PAH skal mælt þegar og ef malbik er endurunnið.*

2.3. Reykháfur

Útblástur úr hreinsibúnaði verksmiðjunnar skal leiddur út um reyk háf. Hæð reyk háfs skal vera minnst 34 m, og útblásturshraði skal vera minnst 20 m/s.

2.4. Rekstur hreinsibúnaðar

Unnið skal eftir áætlun sem tryggir eðlilegan rekstur og viðhald rykhreinsibúnaðar. Áætlunin skal hún vera aðgengileg eftirlitsaðila og samþykkt af Umhverfisstofnun. Hún skal liggja fyrir eigi síðar en tveim mánuðum eftir fyrstu gangsetningu verksmiðjunnar.

2.5. Flutningur hráefna

Lágmarka skal rykmengun við flutning hráefna. Aksturleiðir fartækja skulu lagðar bundnu slitlagi. Hreinsa skal flutningsleiðir reglulega. Hreinsa skal hjólabúnað ökutækja sé þess þörf.

Skúffulyfta sem tekur við steinefnum eftir þurrkun, svo og eftirfylgjandi sigti, vogir og blöndun með asfalti skal vera yfirbyggt. Færibönd sem flytja efni skulu vera yfirbyggt, þannig að ekki fjúki úr þeim. Fallhæð efnis við flutning skal ekki vera meiri en 2 m.

2.6. Geymsla hráefna

Hráefni sem geta fokið skulu geymd í lokuðum geymslum. Geymsla lofttegunda skal vera í samræmi við sérstakar öryggisáætlanir til að lágmarka hættu á mengun andrúmslofts. Fljótandi hráefni og eldsneyti skal geymt í tönkum með lekavörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2.7. Geymsla utan dyra

Öll geymsla hráefna og framleiðsluvöru utan dyra skal vera á afmörkuðu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er bannaður.

VATN

2.8. Olíu-, asfalt-, og terpentínugeymar

Frágangur á tönkum og leiðslum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Umhverfi birgðageyma fyrir asfalt skal mótað þannig að asfalt geti ekki runnið frá þeim. Geymar skulu staðsettir þannig að tryggt sé að asfalt mengi ekki neðri jarðlög, grunn- eða yfirborðsvatn.

2.9. Þjónusta við tæki og flutningavagna

Hreinsun og þjónusta við tæki og farartæki og sprautun sleipiefnis á flutningavagna og vörubíla skal fara fram á svæði með bundnu slitlagi og fráveitu um sandskilju og olíuskilju.

2.10. Fráveita

Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og ákvæði í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, sé uppfyllt. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð. Forvarnir gegn olíumengun skulu vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994.

2.11. Frárennsli

Frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni skal leitt um sandföng í olíuskilju. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé að hámarki 15 mg/l. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni eftir olíuskilju.

2.12. Seyra

Úrgang frá hreinsibúnaði fráveitu skal endurvinna eða fjarlægja eftir þörfum og koma til viðurkennds endurvinnslu- eða förgunarstaðar í samræmi við kröfur laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

2.13. Yfirborðsvatn

Yfirborðsvatn frá svæðum þar sem líklegt er talið að mengunarefni geti borist í vatnið skal leitt um sandföng og olúskiljur.

2.14. Losunarmörk

Fráveituvatn uppfylla eftirfarandi kröfur eftir meðhöndlun:

Efnisþáttur		Hámarksstyrkur
Olía og fita	<	15 mg/l
svifagnir	<	50 mg/l

ÚRGANGUR

2.15. Almennt

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Stuðla skal að nýtingu endurnýtanlegs hluta úrgangs, svo sem brotajárns, ryks og annars úrgangs.

2.16. Annar úrgangur

Annar úrgang, sorp og umbúðir skal endurvinna eða skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Urðun og/eða brennsla hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.

2.17. Spilliefni

Spilliefnum, sem verða til við vinnsluna eða starfsemi henni tengdri og ekki fara til endurvinnslu á vegum fyrirtækisins, skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

ANNAÐ

2.18. Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá starfseminni eins og kostur er, meðal annars með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá iðnaðarstarfseminni sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 933/1999, um hávaða. Við lóðamörk fyrirtækisins skal hávaði ekki fara yfir 70dB(A) og reiknað hljóðstig í íbúðabyggð skal uppfylla ákvæði reglugerðar um hávaða.

3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1. Mælingar og upplýsingagjöf

Rekstraraðili skal vakta útblástur, frárennsli og hljóðstig frá verksmiðjunni. Ryk skal annað hvort mæla samfellt í útblæstri frá þurrk og blöndunartækjum eða að pokahús skulu útbúin búnaði sem gefur aðvörum þegar pokar rifna. Mæla skal árlega ryk og brunagas í útblæstri. Taka skal nægilega mörk sýni til að fá tölfræðilega marktæka niðurstöðu.

Mæliáætlun og mæliaðferðir skulu endurskoðaðar í fyrsta sinn þegar eitt ár er liðið frá gildistöku starfsleyfisins og þúið er að sýna fram á virkni hreinsibúnaðar og síðan hvenær sem rekstraraðili eða Umhverfisstofnun óska eftir slíkri endurskoðun.

3.2. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- tæmingu olúgildra og setþróa ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim
- niðurstöður mengunarmælinga sem krafist er samkvæmt grein 3.1.
- prófun og kvörðun mælibúnaðar
- efnainnihald hráefna og eldsneytis
- magn og tegund úrgangs sem fer til endurnýtingar/endurvinnslu eða förgunar sbr. gr. 2.15, 2.16, og 2.17
- niðurstöður hávaðamælinga.

3.3. Gæði mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

3.4. Prófun og kvörðun vöktunarbúnaðar

Sjálfvirkur vöktunarbúnaður fyrir losun í andrúmsloft skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir. Kvörðun samkvæmt tilvísunaraðferðum eða samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda vöktunarbúnaðar skal fara fram samhliða mælingum á a.m.k. þriggja ára fresti.

3.5. Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald. Skila skal árlega niðurstöðum bókhaldsins til Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald.

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi verksmiðjunnar veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð hráefna, úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er.

4.2. Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður og bera ábyrgð á samskiptum rekstraraðila við Umhverfisstofnun hvað varðar eftirlit með mengunarvörnum innan fyrirtækisins. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3. Umhverfisstjórnun og markmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.4. Viðbragðsáætlanir

Viðbragðsáætlun, sem samþykkt er af eftirlitsaðila, skal vera tiltæk um það hvernig tekist hefur til að hefta rykmengun við óhagstæð veðurskilyrði. Rekstraraðili skal hafa tiltækar viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar sjávar og andrúmslofts. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.5. Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4.

4.6. Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, um verndun gegn mengun hafs og standa.

4.7. Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerð nr. 786/1999.

4.8. Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar, en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

4.9. Samráðsfundur

Rekstraraðili boðar 2 ára fresti fulltrúa Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis á samráðsfund. Fyrsta fund skal halda í september 2008. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit eða ársskýrslu um þau atriði sem fjallað er um í grein 3.1, 3.2, 3.5, 4.1 og 4.3. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlega endurskoðun á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða. Ofangreindir aðilar geta boðað til samráðsfundar oftár ef ástæða er til.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1. Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni verksmiðjunnar.

5.2. Aðrar rannsóknir

Aðrar mælingar eða rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir sem taldar eru nauðsynlegar af Umhverfisstofnun og rekstraraðila skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli þessara aðila.

5.3. Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal fyrir senda Umhverfisstofnun skýrslu um umhverfisvöktun samkvæmt grein 5.1 og 5.2.

5.4. Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni verksmiðjunnar samkvæmt grein 5.1 og 5.2 eða sinn hluta af kostnaðinum, samkvæmt samkomulagi, ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefni og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. flokk skv. I. viðauka í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi 1. apríl 2008 og gildir til 1. apríl 2020.

Reykjavík 27. febrúar 2008

Umhverfisstofnun